



SUNDKENNARI – SUNDBJÁLFARI ÓSKAST

Sunddeild Fjölnis óskar eftir sundkennara eða sundþjálfara til þess að starfa við Sundskóla Fjölnis í samvinnu við Sunddeild Fjölnis og yfirþjálfara. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sundi og þjálfarastörfum og sé jafnvel með menntun í íþróttatræði. Starfið felst í yfirumsjón með yngstu sundhópum félagsins: Krossfiska, Sæhesta, Skjaldböku og Sela hópum. Vinnutíminn er frá kl. 16-19

Starfið felst í því að

- Vinna í samvinnu við stefnu yfirþjálfara og stjórnar deildar að því markmiði að auka færni og getu sundmanna og gera þá tilbúna undir frekari þjálfun í efri hópum. Auk þess að vinna í samvinnu við aðra þjálfara deildar t.d. við tilfærslu sundmanna úr sundskóla upp í æfingahópa.
- Skipuleggur og ber ábyrgð á æfingaráætlun Sundskólans og kemur með hugmyndir um önnur verkefni í samvinnu við yfirþjálfara og stjórn.
- Aðstoðar stjórn og yfirþjálfara í að kynna Sundskóla Fjölnis s.s. í leikskólum og skólum í Grafarvogi með það að markmiðið að auka fjölda iðkenda í deildinni.
- Sjá um skráningar í hópa og í þau verkefni sem sundmenn taka þátt í samvinnu við yfirþjálfara og skrifstofu Fjölnis
- Heldur mætingalista og skrá yfir þá sundmenn sem eru í hópum Sundskólans og aðstoðar stjórn og skrifstofu Fjölnis við að hafa yfirlit yfir greiðslu æfingagjalda.
- Sér um að manna afleysingar vegna leyfa og veikinda sinna í samvinnu við yfirþjálfara.

Nánari upplýsingar veitir, Ragnar Friðbjarnarson, yfirþjálfari (raggifri@gmail.com) s: 864-0773

Umsóknir með menntun og starfsreynslu skal senda á netfangið sunddeildfjolnis@gmail.com